

Reglugerð nr. 11 um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt

1. gr.

Þeir íþróttamenn sem keppt hafa í frjálsíþróttum fyrir íslenskt íþróttafélag sl. tvö ár, miðað við síðustu áramót og eru orðnir 15 ára á almanaksárinu, skulu tilkynna FRÍ skriflega um félagaskipti. Tilkynningin þarf að hafa borist FRÍ í síðasta lagi 7 dögum áður en viðkomandi hefur keppt fyrir hið nýja félag.

Íþróttamönnum er einnig heimilt að tilkynna á sama hátt um félagaskipti á tímabilinu 1.4.-30.04. hvert ár eða að afloknu innanhússtímabili.

2. gr.

Óheimilt er íþróttamönnum 15 ára og eldri að keppa fyrir fleiri en eitt íslenskt félag í frjálsíþróttum á sama almanaksári, nema til komi sérstök tilkynning í félagaskiptaglugga að loknu innanhússtímabili.

3. gr.

Félagaskipti eru aðeins lögleg að formaður aðalstjórnar, eða frjálsíþróttadeildar þess félags er íþróttamaðurinn hverfur frá, votti með undirskrift sinni að íþróttamaðurinn sé skuldlaus félaginu.

Tilkynni íþróttamaður sem er 15 ára eða eldri á viðkomandi almanaksári um félagaskipti skal hann greiða umsýslugjald samkvæmt gjaldskrá FRÍ hverju sinni. Gjaldið rennur óskipt til FRÍ.

Greiðsla skal berast til FRÍ samhliða tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um félagaskipti hlýtur ekki gildi hjá FRÍ nema umsýslugjaldið hafi verið greitt.

Verði ágreiningur um skuld getur fráfarandi félag ekki krafist hærri gjalda en sem nemur einu árgjaldi.

Náist ekki til formanns aðalstjórnar eða frjálsíþróttadeildar getur Laganefnd úrskurðað um félagaskipti 2 mánuðum eftir að keppandi hefur sannanlega hafið tilraunir til félagaskipta.

Það er á ábyrgð íþróttamannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal stjórn FRÍ úrskurða í málinu. Úrskurði þessum geta báðir aðilar áfrygð til dómstóls ÍSÍ.

5. gr.

Íslenskir frjálsíþróttamenn sem hyggjast keppa með erlendu félagi og eru 18 ára og eldri á því almanaksári sem um ræðir, þurfa að sækja um staðfestingu á slíku til stjórnar FRÍ. Leyfi skal veitt, enda uppfylli viðkomandi íþróttamaður öll tilskilin keppnisréttindi hér á landi. Keppni með erlendu félagi fyrirgerir ekki keppnisrétti viðkomandi með félagi sínu hér á landi. Ekki þarf að tilkynna keppni með skólaliðum.

Erlendir ríkisborgarar, sem hafa í hyggju að keppa hér á landi, fyrir íslenskt félaglið, skulu sækja um slíkt til FRÍ. Meðfylgjandi þeirri umsókn skal fylgja yfirlýsing frjálsíþróttasambands úr heimalandi viðkomandi, um að umræddur íþróttamaður hafi rétt til keppni í frjálsíþróttum í sínu landi og afrit af persónuskilríkjum sem sýna nafn, þjóðerni (þ.e. ríkisborgararétt), kyn og aldur.

6. gr.

Keppendur á alþjóðlegum mótum skulu undirrita yfirlýsingu frá World Athletics um að þeir fari að alþjóðlegum reglum um lyfjamál. Jafnframt að þeir hafi ekki notað ólögleg lyf skv. alþjóðareglum og lyfjalista Lyfjaeftirlits Íslands. Keppendur undir 18 ára aldri skulu afla samþykkis foreldra/forráðamanna fyrir undirritun.

Ofangreindar undirritaðar yfirlýsingar skal FRÍ senda til World Athletics og varðveita í afriti.

7. gr.

Skilyrði þess að einstaklingur sé gjaldgengur í keppni fyrir Íslands hönd í frjálsum íþróttum er að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari. Hafi viðkomandi keppt fyrir annað ríki á alþjóðamóti, má hann ekki keppa fyrir Íslands hönd nema með samþykki World Athletics (alþjóðasambandi frjálsíþróttar). Sjá nánar um heimildir íslenskra ríkisborgara sem hafa keppt fyrir annað ríki á alþjóðamóti til að keppa fyrir Íslands hönd í Reglubók World Athletics (Book C3 – Eligibility Rules / Eligibility to Represent a Member / Transfer of Allegiance Regulations)

Saga

1. Fyrst samþykkt á Frjálsíþróttapingi 1992.
2. Breytt á Frjálsíþróttapingum 2000, 2002, 2004, 2010, 2012, 2022.
3. Lítillega uppfært af stjórn FRÍ 2023, gjald fyrir félagaskipti fært í gjaldskrá FRÍ og vísun í Lyfjæftirlit Íslands sett inn. Gefið út til kynningar 21. febrúar 2023.
4. Breytt á þingi 2024. Bætt við leyfi til félagaskipta að loknu innanhússtímabili.
5. Bætt við 7. gr. á þingi 2026.